

GJALDSKRÁ

skipulags- og byggingardeildar Sveitarfélagsins Árborgar.

1. gr. Gjaldskylda

Fyrir útgáfu leyfa, úttektir, vottorð, skjalagerð, yfirlestur gagna, auglýsingar, kynningar og aðra umsýslu og þjónustu sem Sveitarfélagið Árborg veitir vegna byggingar- og framkvæmdaleyfisskyldra framkvæmda, deiliskipulags og breytinga á skipulagsáætlunum, innheimtir skipulags- og byggingardeild Sveitarfélagsins Árborgar í umboði bæjarstjórnar gjöld skv. gjaldskrá þessari.

2. gr. Ráðstöfun gjalda

Innheimt gjöld skv. gjaldskrá þessari skulu renna til greiðslu hluta kostnaðar sveitarfélagsins við þjónustu skipulags- og byggingardeildar.

3. gr. Byggingarleyfisgjald

Greiða skal byggingarleyfisgjald fyrir útgáfu á byggingarleyfi sem byggingarfulltrúi hefur veitt. Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er ein yfirferð aðaluppdráttar, yfirferð séruppdráttar, útgáfa byggingarleyfis, útsetning lóðar, útmæling fyrir greftri, útmæling og hæðarsetning fyrir undirstöðum, lögbundið byggingarefirlit og úttektir, fokheldisvottorð, vottorð um öryggis/lokaúttekt og skráning húss hjá Þjóðskrá Íslands.

Fjárhæð byggingarleyfisgjalds fer skv. eftirfarandi töflu:

a) Íbúðarhúsnæði:

Einbýlishús	pr. hús	kr.	212.000
Parhús, tvíbýlishús, raðhús á einni hæð,	pr. íbúð	kr.	175.000
Raðhús á fleiri en einni hæð, fjölbýlishús með þremur íbúðum	pr. íbúð	kr.	159.000
Fjölbýlishús, tvær hæðir, með fjórum íbúðum eða fleiri	pr. íbúð	kr.	127.000
Fjölbýlishús, þrjár hæðir og hærri með fjórum íbúðum eða fleiri	pr. íbúð	kr.	106.000

b) Atvinnu- og þjónustuhús og stofnanir, - einnig sama húsnæði með íbúðum

gólflötur allt að 500 fermetrar	kr.	212.000
gólflötur 500 - 1000 fermetrar	kr.	371.000
gólflötur 1001 - 2000 fermetrar	kr.	530.000
gólflötur 2001 - 5000 fermetrar	kr.	849.000
gólflötur stærri en 5000 fermetrar	kr.	1.061.000

c) Óeinangraðar geymslur, landbúnaðarbyggingar, hesthús og áþekk hús

Gólflötur að 99 fermetrum	kr.	21.000
Gólflötur 100 - 199 fermetrar	kr.	31.000
Gólflötur 200 - 499 fermetrar	kr.	53.000
Gólflötur 500 - 799 fermetrar	kr.	106.000
Gólflötur 800 - 1.999 fermetrar	kr.	318.000
Gólflötur frá 2.000 fermetrum	kr.	477.000

d) Ýmis hús og hverskonar viðbyggingar:

Sólstofur, garðhús, bílgeymslur fyrir mest 2 bíla og gripahús	kr.	78.000
---	-----	--------

Viðbyggingar allt að 20 ferm	kr.	78.000
Viðbyggingar 20 - 100 fermetrar	kr.	106.000
Frístundahús	kr.	212.000
Meiriháttar breytingar á innra skipulagi húsa án fermetrastækkunar	kr.	84.000
Minniháttar breytingar á innra skipulagi og útliti húsa	kr.	42.000
Viðbyggingar stærri en 100 fermetrar	= Sömu gjöld og af því húsnaði sem byggt er við	

e) Gjöld vegna stöðuleyfa

Stöðuleyfi vegna 20 feta gáms eða minna, veitt til eins árs	kr.	15.000
Stöðuleyfi vegna 40 feta gáms, veitt til eins árs	kr.	31.000
Stöðuleyfi húsa, báta, hjólhýsa, sumarhúsa o.fl. veit til eins árs	kr.	15.000
Stöðuleyfi söluvagna og söluskúra 1 - 6 mánuðir, pr. mánuð	kr.	10.000
Stöðuleyfi söluvagna og söluskúra 7 - 12 mánuðir	kr.	84.000
Stöðuleyfi vegna frístandandi auglýsinga-, þjónustu- og auglýsingaskilta	kr.	37.000

4. gr. Afgreiðslu- og þjónustugjöld

Greiða skal eftirtalin þjónustu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu sem skipulags- og byggingardeild veitir umfram þá sem er innifalin í öðrum gjöldum.

Afgreiðslugjald skipulags- og byggingarmála	kr.	12.000
Afgreiðslu- og umsýslugjald fyrir smáhýsi, skjólveggi og sólpalla	kr.	20.000
Afgreiðslugjald fyrir tilkynningarskyldar framkvæmdir	kr.	65.000
Hver endurskoðun aðaluppdráttar	kr.	21.000
Endurnýjun leyfis án breytinga á teikningum	kr.	15.000
Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	kr.	31.000
Umsögn vegna rekstrar – og starfsleyfa	kr.	16.000
Úttekt vegna leiguhúsnaðis	kr.	31.000
Eignaskiptayfirlýsingar, 2-3 eignir	kr.	16.000
Eignaskiptayfirlýsingar, 4-12 eignir	kr.	23.000
Eignaskiptayfirlýsingar, 13-19 eignir	kr.	35.000
Eignaskiptayfirlýsingar, 22-29 eignir	kr.	47.000
Eignaskiptayfirlýsingar, 30-39 eignir	kr.	60.000
Eignaskiptayfirlýsingar, 40-49 eignir	kr.	72.000
Eignaskiptayfirlýsingar, 50-69 eignir	kr.	84.000
Eignaskiptayfirlýsingar, 70-99 eignir	kr.	95.000
Lóðaleigusamningur nýrrar lóðar	kr.	21.000
Lóðaleigusamningur vegna eldri lóðar eða breytingar á samningi	kr.	15.000
Auka útmæling fyrir húsi/lóð, sem ekki er innifalin í byggingarleyfisgjaldi	kr.	63.000
Stofnun lóðar í landskrá fasteigna	kr.	22.000
Endurmæling lóðamarka 6.001 fm og stærra	kr.	35.000
Afhending grunnagna fyrir skipulagsvinnu	kr.	12.000
Tímagjald skipulags-, og byggingarfulltrúa	kr.	24.000
Ljósritun eða skönnun A2 pr. eintak	kr.	200
Ljósritun eða skönnun A3 pr. eintak	kr.	100
Ljósritun eða skönnun A4 pr. eintak	kr.	50
Stofnun lóða í landskrá fasteigna	kr.	22.000
Landnúmer umfram eitt	kr.	6.500
Breyting lóða / nafnabreyting í landskrá fasteigna	kr.	6.500
Tímagjald starfsmanna skipulags- og byggingardeildar	kr.	14.000

5. gr. Gjald fyrir skipulagsvinnu

Vegna grenndarkynninga skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, framkvæmdaleyfa skv. 13. og 14. gr. og vegna deiliskipulags og breytinga á skipulagsáætlunum sbr. 2. mgr, sömu laga, skal innheimta gjöld sem hér segir:

a) Gjöld vegna aðalskipulagsbreytinga:

Breyting á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. 1. mgr. 36. gr.	Skv. reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36. gr.	kr. 169.000
Breyting á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. 2. mgr. 36. gr. v. óverul. br.	Skv. reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr.	kr. 169.000

b) Gjöld vegna deiliskipulagsbreytinga:

Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr.	Skv. reikningi
Breyting á deiliskipulagsuppdr., sbr. 1. mgr. 43 gr.	Skv. reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 43. gr. og 2. mgr. 38. gr.	kr. 169.000
Breyting á deiliskipulagsuppdr., sbr. 2. mgr. 43 gr. v.óverul. br.	Skv. reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður v. óverul. br.,sbr. 2. mgr. 43.gr.	kr. 74.000
Umsýslu- og auglýsingakostnaður v. óverul. br.,sbr. 3. mgr. 44.gr.	kr. 37.000

c) Gjald vegna grenndarkynningar:

Grenndarkynning, sbr. 43.gr og 44. gr.	kr. 31.000
--	------------

d) Gjöld vegna framkvæmdaleyfis:

Framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000	kr. 169.000
Aðrar framkvæmdir	kr. 100.000
Minniháttar framkvæmdir	kr. 31.000
Eftirlit umfram eina ferð sem er innifalin í framkvæmdaleyfi, pr. ferð	kr. 31.000

6. gr. Innheimta - lögveð

Skipulags- og byggingardeild annast innheimtu gjalda skv. gjaldskrá þessari.

Gjöldum skv. gjaldskránni fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi.

Komi til vanskila á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari skal byggingarfulltrúi synja um útgáfu vottorðs fyrir viðkomandi mannvirki.

7. gr. Gjaldldagi

Gjaldldagi byggingarleyfisgjalds skv. 3. gr. er við útgáfu byggingarleyfis, sem tekur ekki gildi fyrr en byggingarleyfisgjald hefur verið greitt.

Frestur er ekki veittur á greiðslu byggingarleyfisgjalds þó svo að byggingarleyfishafi fresti byggingarframkvæmdum.

Gjaldldagi afgreiðslu- og þjónustugjalda skv. 4. gr. er við útgáfu reiknings fyrir veitta þjónustu.

Gjaldldagi gjalda skv. 5. gr. er sem hér segir:

Skv. a) lið: Við samþykkt tillögu til auglýsingar.

Skv. b) lið: Við samþykkt tillögu til auglýsingar eða grenndarkynningar.

Skv. c) lið: Áður en grenndarkynning fer fram.

Skv. d) lið: Við útgáfu leyfis, sem tekur ekki gildi fyrr en framkvæmdaleyfisgjald hefur verið greitt.

8. gr. Endurgreiðsla

Falli byggingarleyfishafi frá notkun byggingarleyfis eða það fellur úr gildi er heimilt að endurgreiða 50% gjaldsins.

9. gr. Gildistaka

Gjaldskrá þessi sem öðlast þegar gildi við birtingu og er samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar með heimild í 51. gr laga nr. 160/2010 um mannvirki og 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með síðari breytingum. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá skipulags- og byggingarmála í Sveitarfélaginu Árborg nr. 1592/2021.

Þannig samþykkt í bæjarstjórn 01. desember 2021.

Gísli Halldór Halldórsson,

bæjarstjóri Sveitarfélagsins Árborgar